



LYFJAFRÆÐINGAFÉLAG ÍSLANDS

Pharmaceutical Society of Iceland

Alþingi
Erindi nr. ~~P 138/2006~~
komudagur 5.5.2010

Alþingi, fjárlaganefnd
erindi nr. 138/860
komudagur 5.5.2010

Fjárlaganefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Seltjarnarnesi, 5. maí 2010.

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um stofnun opinbers hlutafélags um byggingu nýs Landspítala við Hringbraut í Reykjavík, 548. mál.

Um 1. gr. LFÍ telur jákvætt að fara þessa leið því hún stuðlar að gagnsæi varðandi kostnað og ákvarðanatöku. Hins vegar hefði mátt rökstyðja afhverju þessi leið er valin fremur en aðrar.

Um 2. gr. LFÍ telur að bæta eigi þeim atriðum, sem tiltekin eru í athugasemdum, inn í greinina svo ekki verði vafi um hvað átt er við. Þannig myndi eftirfarandi bætast við:
“ Í samþykktum fyrir félagið skal kveðið á um tilgang þess en meginverkefni félagsins verða eftirfarandi:

- Vinna að almennri samhæfingu, undirbúningi og áætlanagerð vegna verkefnisins í samræmi við fyrirbyggjandi fjárhagsramma.
- Hafa samráð við skipulagsyfirkvöld um skipulagsmál, lóðarmál og hönnun byggingarinnar.
- Afmarka nýjum spítala hæfilega lóð og vinna drög að lóðarleigusamningi við fyrirhugaða bjóðendur.
- Vinna í samráði við Ríkiskaup að gerð útboðsskilmála og útboðsgagna að lokinni hönnunarsamkeppni um verkefnið.
- Hafa umsjón með framkvæmd útboðsins í samráði við Ríkiskaup og vinna með henni að mati framkominna tilboða.
- Gera tillögu til fjármálaráðherra og heilbrigðisráðherra um hagstæðustu leigutilboð vegna byggingarinnar.
- Hafa fyrir hönd leigjanda eftirlit með verkframkvæmdum og skilum húsnæðisins í samræmi við útboðsgögn.
- Vinna að öðrum verkefnum sem tengjast beint eða óbeint umræddu verkefni og falin verða félaginu.“

Um 3. gr. LFÍ leggur til að kveðið sé á um hæfniskröfur til stjórnar- og varastjórnarsetu í lögunum. Einnig þarf að kveða á um hæfniskröfur fyrir framkvæmdastjóra því að mati LFÍ hefur ekki verið til að dreifa sambærilegum verkefnum síðastliðin ár þar sem menn hafa getað aflað sér reynslu.

Um 4. gr. LFÍ saknar þess að ekkert sé minnst á hvað skal gera ef eða þegar hlutaféð er uppuríð.

Um 5. gr. LFÍ telur nauðsynlegt að setja sólarlagsákvæði inn í lögina. Það er hvernig og hvenær skuli stefnt að því að hætta rekstri hlutafélagsins þegar verkefninu líkur.

Vinðingarfyllst,

Adalheiður Palmadóttir

Formaður Lyfjafraeðingafélags Íslands